

Svar við fyrirspurn vegna fjárhagsáætlunar 2020 - 2024

Á fundi borgarstjórnar þann 5. nóv. 2019 kom fram eftirfarandi fyrirspurn frá borgarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Sönnu Magdalenu Mörtudóttur.

„Velti því fyrir mér hvort að hækkun launa almennt sem hefur að einhverju leyti átt sé stað upp á síðkastið leiði ekki til aukinna útsvars inn í borgarsjóð, þ.e.a.s. hærrí laun borgarbúa leiði til meiri tekna fyrir borgarsjóð og velti því fyrir mér hvort að það sé þá nokkuð þörf á öllum þessum gjaldskrárhækkunum?“

Svar:

Samkvæmt 21.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga skal stofn til álagningar útsvars vera hinn sami og tekjuskattsstofn. Þetta felur í sér að greitt er útsvar af launatekjum einstaklinga á vinnumarkaði, greiðslum frá tryggingastofnun, atvinnuleysisbótum, greiðslum úr lífeyrissjóðum ásamt ýmsum öðrum greiðslum s.s. styrkjum. Þegar þessar greiðslur hækka, hvort sem það er vegna magnaukningar, launahækkana eða annara þátta, þá hækka útsvarstekjur borgarinnar.

Ekki liggja fyrir nákvæm gögn hvernig launahækkningar einstaklinga með lögheimili í Reykjavík skila sér í útsvar borgarinnar. Þó er ljóst að launahækkningar í samfélaginu endurspeglast aðallega í launatekjum einstaklinga á vinnumarkaði og lífeyrisgreiðslum sem fylgja launavísitölu. Skv. mati fjármála- og áhættustýringarsviðs, sem byggir á gögnum frá RSK, er næmni útsvarstekna árið 2020 fyrir 1%-stigs hækkun launavísitölu um 670 m.kr. Með öðrum orðum hækkar útsvar borgarinnar um 670 m.kr. á ársgrundvelli fyrir 1%-stigs hækkun launavísitölu. Tekið skal fram að þetta mat er byggt á ákveðinni nálgun enda er launavísitala ekki birt sérstaklega fyrir Reykjavíkurborg heldur fyrir landið í heild.

Vakin er athygli á því að launavísitala mælir bæði hækkun launa hjá opinberum starfsmönnum og starfsmönnum á almenna markaðnum. Því leiðir hækkun launavísitölu sjaldnast í sér ábata fyrir borgina þar sem launaútgjöld og lífeyrisskuldbinding hækka á móti. Þannig er næmni lífeyrisskuldbindingar 1.090 m.kr. fyrir 1%-stigs hækkun launa opinberra starfsmanna. Á sama hátt er næmni launaútgjalda borgarinnar fyrir 1%-stigs hækkun um 740 m.kr.

Auk skatttekna er sveitarfélögum heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna tiltekinna þjónustu sem veitt er almenningi. Þjónustugjöld eru að eðli sínu frábrugðin útsvarstekjum þar sem þau eru ekki skattur heldur gjöld sem innheimt eru til að standa undir kostnaði við ákveðna þjónustu sveitarfélags. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020 hækka samanlagðar gjaldskrártekjur á hverju sviði ekki meira en sem nemur 2,5% til samræmis við tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífsskjarasamninga. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspeglu hins vegar raunkostnað í samræmi við lög eins og hefur verið undanfarin ár. Áhrif gjaldskrárhækkana árið 2020 eru metin um 160 m.kr.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs